

Föstudaginn 23. október 1998.

Nr. 430/1998.

Lögreglustjórnin í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sveini Gunnari Jónassyni

(Ómar Stefánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. október 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudeginsins 15. desember 1998 kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði, hefur varnaraðili viðurkennt að hafa átt þátt í árás á Kristín Rúnar Magnússon í Austurstræti í Reykjavík aðfaranótt 27. september 1998. Hlaut Kristinn áverka á höfði, og samkvæmt vottorði heila- og taugaskurðlæknis telur hann líklegt, að Kristinn hafi orðið fyrir einhverjum varanlegum heilaskaða, þótt ekki verði um það fullyrt fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Sóknaraðili reisir kröfu sína eingöngu á ákvæði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þrátt fyrir framangreind málsatvik verður ekki fallist á, að fullnægt sé því skilyrði lagaákvæðisins, að ætla megi gæsluvarðhald yfir varnaraðila nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og hafnað kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur krafist þess með vísan til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að Sveini Gunnari Jónasyni, kt. 080176-4149, Tryggvagötu 6, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til kl. 16.00 þriðjudaginn 15. desember nk.

Í greinargerð lögreglustjóra er málavöxtum svo lýst, að aðfaranótt sunnudags 27. september hafi verið óskað aðstoðar lögreglu í Austurstræti við veitingastaðinn Subway vegna líkamsárásar. Er lögreglumenn hafi komið að, hafi Kristinn Rúnar Magnússon, kt. 090579-3479, legið meðvitundarlaus í götunni og hnakki hans verið blóðugur og bólgin. Kristinn hafi verið fluttur í sjúkrahúsi á slysadeild Sjúkrahúss Reykjavíkur. Í áverkavottorði Garðars Guðmundssonar, heila- og taugaskurðlæknis á taugaskurðeild Sjúkrahúss Reykjavíkur, komi fram, að Kristinn Rúnar hafi verið meðvitundarlaus við komu á slysadeild og með áverkamerki á höfði. Hann hafi greinst með sprungu í höfuðkúpu hægra megin, blóðslikju inni á höfuðkúpu á yfirborði heilans og grun um heilamar á afmörkuðu svæði vinstra megin, einnig blóð í kinn- og ennisholum og grun um nefbrot. Þá hafi verið minni háttar vökvasöfnun hægra megin í brjósthóli. Daginn eftir hafi Kristinn verið með verulega slævða meðvitund og ekki unnt að ná sambandi við hann. Í vottorði Garðars Guðmundssonar, dags. 8. október, komi fram, að Kristinn Rúnar sé farinn af sjúkrahúsinu og bíði eftir plássi á Grensásdeild, þar sem ástand hans verði metið og hann muni fá endurhæfingu eftir þörfum. Garðar segir Kristin Rúnar þjást af verulegu minnisleysi, skapgerðarbreytingum og þráhyggjukenndu atferli. Í nýjum myndum af heila hans komi fram greinileg merki um skaða á ennislöppum báðum megin, þó miklu meiri vinstra megin. Telji lækurinn líklegt, að einhver varanlegur skaði hafi orðið, en lækur á Grensásdeild geti tjáð sig nánar um heilaskaða Kristins Rúnars eftir þrjá til sex mánuði.

Á vettvangi hafi verið leitað vitna að árásinni. Í frumskýrslu lögreglu sé getið um ellefu vitni. Við rannsókn málsins hafi verið teknar skýrslur af allmörgum vitnum, og hafi komið fram hjá nokkrum þeirra, að kærðu í máli þessu, Sigurjón Sigurgeirsson og Sveinn Gunnar Jónasson, hafi ráðist á Kristin Rúnar. Kærði Sigurjón muni hafa verið klæddur í hvít jakkaföt umrædda nótt og kærði Sveinn í bláum bol með hvítum röndum í kraga, bláum jakka og svörtum buxum. Nokkur vitnanna, átta þeirra, bera, að maður í hvítum jakkafötum hafi sparkað í höfuð Kristins Rúnars, þar sem hann lá í götunni. Sjö vitni hafi borið, að kærði Sveinn Gunnar eða maður, sem á við

hans lýsingu, hafi slegið Kristin Rúnar, svo að hann hafið fallið við, skolið með höfuðið í götuna og misst meðvitund.

Svo vilji til, að til sé myndbandsupptaka af hluta árásarinnar. Menn, sem leið áttu hjá árásarstaðnum, hafi verið með myndbandsupptökuvél og afhent lögreglu upptöku af hluta árásarinnar. Á myndbandinu sjáist kærði Sveinn Gunnar veita Kristni Rúnari högg, sem hafi orðið til þess, að Kristinn Rúnar féll í götuna, og einnig sjáist Sveinn Gunnar sparka í Kristin Rúnar á götunni.

Sigurjón kveðist ekki vita, hvernig það hafi viljað til, að Kristinn Rúnar féll í götuna, en segist ekki sjálfur hafa slegist við hann og neitar að hafa sparkað í höfuð hans. Kveðist Sigurjón hafa heyrt, að kærði Sveinn hafi slegið Kristin Rúnar í andlitið, svo að hann hefði fallið í götuna, og síðan sparkað a. m. k. tvisvar í höfuðið. Sigurjón hefur neitað allri aðild sinni að árásinni á Kristin Rúnar. Sveinn hefur viðurkennt að hafa slegið Kristin Rúnar, sem fallið hafi við, og að hafa sparkað tvisvar í hann, þar sem hann hafi legið í götunni, og a. m. k. annað sparkið lenti í höfði Kristins Rúnars.

Hér sé um mjög alvarlega líkamsárás að ræða, og sé ekki enn vitað, hvort Kristinn Rúnar muni ná sér af áverkum þeim, er hann hlaut. Ljóst sé, að brotið eigi undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og geti varðað allt að sextán ára fangelsi. Kærði Sveinn Gunnar Jónasson sé undir rökstuddum grun um að hafa framið líkamsárásina ásamt Sigurjóni Sigurgeirssyni. Verði að telja brotið þess eðlis, að nauðsynlegt sé með tilliti til almannahagsmuna, að kærði Sveinn Gunnar sitji áfram í gæsluvarðhaldi, meðan málið er í rannsókn og meðferð hjá lögreglu, ákærvaldi og dómstólum. Verið sé að rannsaka ætlað brot Sveins Gunnars Jónassonar á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Sakarefnið, sem hér um ræði, myndi varða fangelsisrefsingu, ef sök telst sönnuð.

Með vísan til alls ofanritaðs, rannsóknarhagsmuna svo og til 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála sé þess farið á leit, að ofangreind krafa nái fram að ganga.

Við yfirheyrslu fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa átt þátt í árás á Kristin Rúnar Magnússon. Bar hann, að árásin hefði ekki verið tilefnislaus, heldur hefðu aðstæður verið slíkar, að hann hefði verið tilneyddur að verja sig, þar sem ráðist hefði verið á sig. Bar hann, að hann hefði blandað sér í átökin, þegar félagi sinn hefði verið sleginn með flösku. Viðurkenndi kærði að hafa slegið Kristin Rúnar niður og sparkað tvisvar í hann frá vinstri hlið. Taldi hann, að annað sparkið hefði getað farið í höfuð Kristins Rúnars.

Krafa sóknaraðila er eingöngu reist á ákvæði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Rannsóknargögn málsins bera með sér, að sterkur grunur leikur á, að kærði hafi gerst brotlegur við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af gögnum málsins verður ráðið, að afleiðingar áráðarinnar séu alvarlegar, og samkvæmt vottorði Garðars Guðmundssonar læknis telst líklegt, að einhver varanlegur skaði hafi orðið, enda þótt ekki verði fyrir en eftir þrjá til sex mánuði unnt að segja til um þá varanlegu heilaskaða, sem hafi getað orðið. Í ljósi þess, hve hér er um alvarlegt sakarefni að tefla, telur dómurinn skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 vera til, að gæsluvarðhald yfir kærða sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Ber því að verða við þeirri kröfu lögreglustjórans í Reykjavík, eins og hún er fram sett, að kærði, Sveinn Gunnar Jónasson, sæti gæsluvarðhaldi til 15. desember nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sveinn Gunnar Jónasson, kt. 080176-4149, Tryggvagötu 6, Reykjavík, sæti gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 þriðjudaginn 15. desember nk.
